



ÍþRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkur

Reykjavík 8. maí 2019

Efni: Frístundaakstur.

Eins og ykkur er kunnugt standa hverfisíþróttafélögin í Reykjavík fyrir frístundaakstri með stuðningi borgarinnar. Vert er að nota tækifærið og þakka fyrir þann stuðning í þessu mikilvæga verkefni.

Nú er óskað eftir því að skýrari lína verð sett varðandi gæslu (starfsmann) í frístundavögnunum. Íþróttafélögin hafa ekki mannskap til að sinna þessum hluta né fjármagn fyrir kostnaði. Í bréfi sem nokkur félög rituðu á síðasta ári kemur fram að oft séu í kringum 60 börn í vögnunum á sama tíma og getur myndast mikill æsingur sérstaklega ef ferðin er ekki örstatt. Það sé því ekki boðlegt að hafa þjónustuna eftirlitslausa, ef eitthvað kemur upp á sé lítið sem einn bílstjóri getur gert.

Lagt er til að greiddar séu krónur 125.000 á mánuði með hverjum vagni sem notaður er óháð því hvort það er Strætó eða vagn á vegum félags. Aukafjárveitingin frá borginni yrði þá kr. 5.200.000,- en skv. þjónustusamningnum þá er framlag ársins áætlað kr. 20.400.000,-. Hér með er því óskað eftir því að heildarfjármagn vegna frístundaaksturs á árinu 2019 verði krónur 25,6 milljónir. Æskilegt væri að gert yrði ráð fyrir þessum þætti í nýjum samstarfssamningi borgar og ÍBR sem er í burðarliðnum.

Með kveðju,
f.h. ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson

Frímann Ari Ferdinandsson
Framkvæmdastjóri